



FLÓAHREPPUR

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

12. febrúar 2015

Efni: Umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

Flóahreppur hefur kynnt sér tillögu að landskipulagsstefnu fyrir 2015-2026, sem hefur verið í kynningarferli síðustu vikur.

Mikilvægt er að það komi skýrt komi fram að sveitarfélögin fari með skipulagshlutverkið á öllu landi innan staðarmarka viðkomandi sveitarfélags þ.m.t. á miðhálendinu. Lagt er til að bætt verði við ákvæðum í landsskipulagsstefnu þar sem sveitarfélögin verði hvött til þess að marka samræmda stefnu um landnotkun yfir sveitarfélagamörk, eftir atvikum í formi svæðisskipulags.

Flóahreppur tekur undir margt sem kemur fram í fyrirliggjandi drögum að landsskipulagsstefnu, en vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum:

Miðhálendi Íslands

Eðlilegt er að gera skýra grein fyrir sveitarfélagamörkum í landsskipulagsstefnu þar sem aðalskipulag sveitarfélaganna tekur yfir skipulag á miðhálendinu þegar landsskipulagsstefnan tekur gildi og svæðisskipulag miðhálendis hefur verið fellt niður.

Flóahreppur telur að héraðsáætlanir Landgræðslunnar um beitarnýtingu á afréttum hafi óeðlilega hátt vægi eins og sett er fram í kafla 1.1.2; „*Skipulagsákvvarðanir um beit og landgræðslu byggi á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins*“. Lögð er áhersla á að þessari grein verði breytt þannig að komi skýrt fram að bændur verði áfram þátttakendur í skipulagi beitar á afréttum á miðhálendinu. Þá ætti að gera grein fyrir því í landsskipulagsstefnu að sveitarfélögin fari með óbeinan eignarrétt þeirra sem eiga beitarrétt á miðhálendinu á grundvelli úrskurða Óbyggðanefndar. Eðlilegt er að hnykkja á að nytjaréttur haldist á miðhálendi Íslands.

Byggðin/dreifbýli

Tekið er undir mikilvægi þess að flokka landbúnaðarland eftir gæðum og stuðla að því að besta landið verði tekið frá til framtíðar til landbúnaðarnota, sbr. kafla 2.3.1 og 2.3.2. Lögð er áhersla



FLÓAHREPPUR

á að ekki verði um of ítarlega flokkun að ræða og að fyrst og fremst sé verið að horfa til ræktunarhæfni lands.

Á hinn bóginn verði ekki settar of strangar skorður við nýtingu annars lands, s.s. vegna þéttigar byggðar og skógræktar.

Í kafla 2.1.1 kemur fram að í dreifbýli eigi fjölgun íbúða fremur að tengjast búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. Að mati Flóahrepps styrkir þéttig byggðar í dreifbýli núverandi byggð og gildir þá einu hvort íbúar vinni við búrekstur að einhverju tagi eða eitthvað annað. Þéttig byggðar styrkir byggðina almennt, gerir veitu- og dreifikerfi hagkvæmari og stuðlar að hækkun þjónustustigs fyrir þá byggð sem fyrir er.

Í aðalskipulagi Flóahrepps er gert ráð fyrir þéttingu byggðar í litlum kjörnum (e.k. búgarðabyggð) þar sem heppilegar aðstæður eru fyrir hendi, en ávallt er nokkur eftirspurn eftir búsetu í dreifbýli. Stór hluti þeirra sem búa í dreifbýli í dag stundar aðra vinnu en hefðbundin landbúnaðarstörf. Í þessu sambandi er tekið undir mikilvægi þess að tryggja gott fjarskiptakerfi í dreifbýli til þess að skapa sem best skilyrði fyrir fjarvinnslu, en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag, sbr. kafla 2.7.1 og 3.6.1.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026, dags. 29. janúar 2015

Virðingarfyllst,



Eyðís Indriðadóttir, sveitarstjóri